

## Stóri bróðir minn

Klukkan var um þrjú á nóttu þegar að lögreglan hringdi í Atlas og bað hann að koma upp á sjúkrahús og tala við sig. En af hverju? Hann gekk gegnum rennihurðina á sjúkrahúsinu. Fyrir innan voru tveir lögregluþjónar. Einn karl og ein kona. Þau tóku eftir því að hann var komin.

„Atlas Már?" Konan spurði hikandi. Atlas kinkaði kolli og konan kynnti sig og manninn sem að stóð við hliðina á henni. Hún hét víst Ásta en maðurinn Máni. Máni tók í höndina á honum og sagði rólyndislega við hann.

„Atlas okkur þykir leitt að hringja svona seint í þig. En stóri bróðir þinn Finnur lenti í slysi. Það var keyrt á hann"

Það var tveimur dögum síðar og Atlas var að fara í bíó með kærustunni sinni, henni Uni. Þau ætluðu að sjá myndina The Vow. Hann vissi ekkert um hvað hún var en Uni hafði langað að sjá hana svo hann ákvað að slá til. Hann keypti stórann popp og kók handa þeim til að eiga saman. Þau gengu upp stigann að sölunum og þau fóru í sal B. Myndin var byrjuð. Þau settust í miðjann salinn eins og alltaf. Það fyrsta sem hann sá á tjaldinu var karl og kona sem voru úti að keyra. Karlinn stoppaði bílinn og kyssti konuna en þá kom bíll sem keyrði aftan á þau. Atlas fékk sting í hjartað þegar hann sá konuna fljúga í gegnum framrúðu bílsins. Sjúkrabílar komu á staðinn og fóru með þau upp á sjúkrahús. Hann sá illa leikið andlit hennar en á svipstundu breyttist það. Andlitið fyrir framan hann var ekki lengur einhverrar ókunngunnrar konu það var andlit Finns, stóra bróður hans. Honum fannst hann ekki lengur vera í bíóinu, hann var við hliðina á spítalarúminu hans Finns. Atlas hafði þurft að bíða frekar lengi eftir að fá að hitta hann. Læknarnirog höfðu fyrst þurft að skoða hann og sauma fyrir nokkra skurði á andlitinu og höndunum sem höfðu myndast þegar hann fór í gegnum framrúðu bílsins. Bílstjórinn hafði sem betur fer ekki slasat neitt alvarlega og mátti fara heim eftir nokkra daga. Atlas settist á rúmmstokkinn hans Finns. Hann greiddi fallega, síða, krullaða hárið hans Finns úr andlitinu á honum. Allt í einu sá Atlas aðra hendin hans Finns sem lá á sænginni ofan á brjóstakassa hans. Atlas tók hana varlega upp og hvíslaði til bróður síns.

„Finnur, þetta er ég Atlas. Ef þú heyrir í mér kreistu þá á mér hendina. Ég held í þína núna" Tárin fóru að renna niður vanga hans þegar að Finnur kreisti ekki til baka. Allt í einu heyrði Atlas að einhver ræskti sig í dyragættinni. Hann sneri sér við. Fyrir aftan hann var frekar ungleg hjúkka með ljóst, stutt hár. Hann saug upp í nefið og þurkaði tárin.

„Hvenær vaknar hann?" spurði Atlas hjúkkuna. Hún horfðist í augu við hann og hugsaði sig vel um en sagði svo

„Við vitum það ekki"

Myndin var búin,. Hvítir stafir á svörtum bakgrunni ferðuðust upp tjaldið. Una tók í aðra hendina á honum og leiddi hann út. Þegar þau voru komin út í bíl spurði hún hvort það væri ekki allt í lagi. Hann jánkaði því og setti bílinn í gang. En það var ekki satt. Hann hafði hringt upp á sjúkrahúsið í morgun og þeir vissu enn ekki hvenær eða hvort Finnur myndi vakna.